

Sæl Esther

Fræðslunefnd bókaði á fundi sínum 4. febrúar sl., sem var svo staðfest af sveitarstjórn 9. febrúar sl., að óska eftir tillögum Ungmennaráðs að nýrri staðsetningu dreifnáms FNV á Hólmavík í húsakynnum í eigu sveitarfélagsins. Dreifnámið fer úr núverandi húsnæði í júní 2021. Einnig er því beint til Ungmennaráðs að ræða framtíðarmöguleika dreifnámsins á Hólmavík en sveitarstjórn er að leita leiða til að efla dreifnámið m.a. með aðkomu nágrannasveitarfélaga. Þá er bæði átt við að efla námið sem og félagslega þáttinn.

Sveitarstjórn tekur glöð við öllum tillögum sem varða framtíð dreifnámsins og vonandi fæðast þær fjölmargar á fundinum ykkar.

Bestu kveðjur,
Guðfinna